

Fundargerð stjórnar BÍS 25/2011.

miðvikudaginn 14. desember 2011 kl. 17:30 á heimili Braga Björnssonar skátahöfðingja.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðslaráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna á síðasta reglulega fund stjórnar BÍS á fyrstu öld skátastarfs á Íslandi.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykktar fundargerðir 23/2011 og 24/2011.
3. Starfsyfirlit skrifstofu og formanns fjármálaráðs lágu frammi.
4. Félagsforingjafundur: Rætt um fyrirkomulag og dagskrá félagsforingjafundar 28. janúar 2012. Á dagskrá verða: Afmælisár, Stefnumörkun, Landsmót skáta, Innleiðing „Skátaaðferðarinnar“, Fræðslumál, Fullorðnir í skátastarfi og Úlfljótsvatn. Gert er ráð fyrir að fundurinn hefjist kl. 10:00 og ljúki kl. 18:00 og á eftir gefist fólki tækifæri til að koma saman og eiga huggulega kvöldstund.
5. Úlfljótsvatn: ÓP fór yfir stöðu mála. Ekki er útlit fyrir að OR muni ná að ganga frá málum við Starfsmannfélag Reykjavíkurborgar fyrir jól og því er stefnt að því að ganga frá kaupsamningi með fyrirvara um niðurstöðu þeirra mála. Skátasamband Reykjavíkur hefur samþykkt að taka þátt í kaupunum og er stefnt að gerð tvíhliða samnings milli BÍS og SSR um tilhögun. Skógræktarfélag Íslands lánar BÍS og SSR kaupverðið til 5 ára með jöfnum greiðslum.
6. Svar til ríkisendurskoðunar: Gengið hefur verið frá svari til Ríkisendurskoðunar.
7. Önnur mál: Engin önnur mál.
8. Umfjöllun: Starfsáætlun og fjárhagsáætlun 2012: HS kynnti tillögur miðað við umræður á aukafundinum í síðustu viku. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
9. Næsti fundur: Næsti fundur verður miðvikudaginn 4. janúar 2012.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 19:10 og sest að hátíðarkvöldverði.

Fundargerð ritaði JA.